

Fundargerð

Fundarefni:	Stjórnarfundur foreldrafélags Álfhólsskóla
Dags.:	20. ágúst 2013
Fundarmenn:	Guðni Björnsson, Hörður Sigurðsson, Karl Einarsson Hólmfríður Einarsdóttir, Sigurður Grétarsson og Íris Leósdóttir.
Fjarverandi:	Lárus Axel Sigurjónsson, Berglind Svavarsdóttir
Ritað af:	Guðni R Björnsson

1. Fundur settur.

Guðni setti fundinn kl. 19.30

2. Pökkun skóladóts fyrir 1. bekinga

Karl hafði gengið frá kaupum á skóladóti frá Griffli, sem var með lágsta tilboðið (af 3 bókaeverslunum). Pakkað í Griffilpoka fyrir 60 nemendur. Skóladót eftir á lager í 10 poka ef fleiri vilja kaupa. Talnagrindur voru seldar á 2000 kr. en annað í pakkanum á 7.500.

3. Fjárhagsáætlun vetrarins

Fjárhagsáætlun komandi skólaárs lögð fram. Ákveðið að skoða nokkur atriði í þessum drögum og taka fyrir umræður og afgreiðslu á næsta stjórnafundi.

4. Bæklingur FFÁ um foreldrastarf í Álfhólsskóla

Lagður fyrir texti í bæklinginn og samþykktur með smá breytingum. Ákveðið að hafa passamyndir af stjórnarfólki í þessum bæklingi. Skólinn mun litljósrita bækling fyrir hvern nemenda sem styrkir til útgáfunnar. Kennarar munu síðan dreifa bæklingi í foreldraviðtölum á skólaboðunardegi. Guðni sá um útgáfuna, umbrot og frágang til prentunar og til að setja á heimasíðu foreldrafélagsins í PDF formi.

5. Kosning bekkjarfulltrúa 2013-2014

Rætt um að fylgja eftir ítrekun stjórnar til bekkjarfulltrúa frá því í vor um að flýta kjöri nýrra bekkjarfulltrúa, 2 aðalmenn og 2 til vara. Nokkrir bekkir hafa kosið sér bekkjarfulltrúa en alls ekki allir. Umsjónarfólk skólastiga skoði með hvaða hætti auðveldast er að koma kjörinu fyrir á næstu dögum og leggi fyrir á næsta stjórnafundi.

6. Foreldrarölt

Berglind hafði tekið saman rölt dagskrá og ætlar að fá ritara skólans til að senda áminningarbréf til viðkomandi röltforeldra skv. dagskránni.

7. Nefndarstörf og verkefni FFÁ fram til áramóta

Breyta þarf tímasetningum á fulltrúaráðsfundum FFÁ og senda á skólastjóra svo hægt verði að senda út rétt skóladagatal sem fyrst. Unnið verði að því að fá nýtt nefndarfólk á næsta fulltrúaráðsfundi. Hörður bauð sig fram í öryggisnefnd með Sigurði.

8. Fundi slitið Guðni sleit fundi kl. 21.50 Næsti fundur 27. ágúst.